

90. fundur

90. fundur Heklunnar, atvinnuþróunarfélags og Markaðsstofu Reykjaness haldinn í fundarsal S.S.S., Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbær, mánudaginn 5. September 2022, kl. 8:30.

Mætt: Magnús Stefánsson, Fannar Jónasson, Guðmundur Pétursson, Gunnar Axel Axelsson, Pálmi Freyr Randversson og Berglind Kristinsdóttir. Fundargerð ritaði Berglind Kristinsdóttir.

Fulltrúi Reykjanesbæjar boðaði forföll.

Dagskrá:

1. **Stjórnir skiptir með sér verkum.**

Að loknum sveitarstjórnarkosningum 2022 hafa borist nýjar tilnefningar til stjórn Heklunnar frá sveitarfélögunum á Suðurnesjum og eru þær eftirfarandi:

- Styrmir Gauti Fjeldsted frá Reykjanesbæ
- Fannar Jónasson frá Grindavíkurbæ
- Gunnar Axel Axelsson frá Sveitarfélaginu Vogum
- Magnús Stefánsson frá Suðurnesjabæ

Auk þeirra eru í stjórn

- Guðmundur Pétursson frá SAR
- Pálmi Freyr Randversson frá Kadeco

Stjórn Heklunnar skiptir með sér verkum á næsta starfsári:

Magnús Stefánsson formaður, Styrmir Gauti Fjeldsted varaformaður og Fannar Jónasson ritari.

Samþykkt samhljóða.

2. **Hagræn áhrif Suðurnesjalínu 2, kynning á skýrslu.**

Magnús Árni Skúlason og Gunnar Haraldsson frá Reykjavík Economic komu á fundinn og fóru yfir niðurstöður skýrslu sem unnin var fyrir Hekluna um hagræn áhrif af Suðurnesnesjalínu 2.

Í niðurstöðu skýrslunnar segir m.a. „að þegar litið er til þátta er varða efnahagsþróun Suðurnesja, þá er átt við fólksfjölgun, fjárfestingu, orkuskipti o.þ.h., er mikilvægi Suðurnesjalínu 2 óumdeilt. Suðurnesjalína 2 er nauðsynleg forsenda þeirra efnahagslegu þróunar til framtíðar sem reifuð hefur verið í þessari skýrslu. Ef ekki verður af lagningu hennar verður orkuöryggi sem og orkuafhending dragbítur á slíka þróun.

Suðurnesjalína 1 hefur þjónað íbúum og atvinnulífi Suðurnesja vel á undanförunum áratugum en vöxtur svæðisins hefur leitt til þess að sú lína tryggir ekki orkuöryggi eða flutning mikið lengur. Til að hægt sé að nýta mörg þeirra tækifæra og hrinda í framkvæmd þeim fjárfestingaráforum sem liggja fyrir er ljóst að mikil þörf er á að tryggja raforkuflutning inn á svæðið. Hagaðilar sem rætt var við og eru í orkutengdum greinum hafa tekið undir slíkt í

viðtölum einum rómi. Þeir lýsa yfir áhyggjum af núverandi stöðu og telja að vaxtartækifæri fari forgörðum verði orkuöryggi og afhending í uppnámi til framtíðar. Slíkt setur vexti efnahags Suðurnesja skorður og gæti dregið úr fjárhagslegri velferð íbúa til lengri tíma litið.

Miklir fjárhagslegir og efnahagslegir hagsmunir eru í húfi. Ef ekki verður af lagningu línurnar er ljóst að ekki verður af fjárfestingu upp á milljarða króna þótt aðeins sé litið til líftækniíðnaðar og gagnavera.

Þrátt fyrir að ekki yrði farið í ofangreindar fjárfestingar er náttúrulegur vöxtur svæðisins mikill og er umfram landsmeðaltal. Það þýðir að umtalsverða orku þarf til vegna uppbyggingar íbúðarbyggðar og vegna orkuskipta á næstu árum. Suðurnesjalína 2 er í forgangi stjórnvalda varðandi uppbyggingu flutningskerfis raforku. Vöxtur og viðgangur samfélagsins á Suðurnesjum er háður því að bætt verði úr“.

Stjórn Heklunnar þakkar fyrir góða kynningu en skýrslan verður kynnt sveitarstjórnarfólki á aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum 17. sept. n.k. Framkvæmdastjóra falið að bjóða ráðherra Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins á aðalfundinn til að hlýða á kynninguna.

3. Undirritun ársreiknings Markaðsstofu Reykjaness 2021

Rekstrartekjur félagsins námu 43.308.398 kr. á árinu 2022 en hagnaður félagsins nam 3.606.158,- Eignir félagsins námu 9.256.288,- en bókfært eigið fé nam 3.501.790,- eða 37,8% en var -1,1% á árinu 2020.

Laun og launatengd gjöld standa nánast í stað á milli ára en rekstrartekjur lækka á milli árána 2021 og 2020. Tekjur á árinu 2021 voru rúmar 43 mkr. en voru 75 mkr. á árinu 2020 en hærri tekjur á árinu 2020 er tilkomnar vegna einskipti Covid styrks frá ríkisvaldinu.

Stjórn Heklunnar og MR samþykkir ársreikninginn samhljóða.

4. Atvinnuleysistöður

Atvinnuleysi á Suðurnesjum í júlí mánuði var 5,5% en 3,2% á landsvísu. Atvinnuleysi á Suðurnesjum lækkaði um 0,3% á milli júní og júlí mánaðar. Atvinnuleysið á Suðurnesjum var mest í Reykjanesbæ eða 5,6%, í Grindavík 3,7%, Suðurnesjabæ 5% en það var minnst í Sveitarfélaginu Vogum eða 3,6%.

Ekki voru önnur mál á dagskrá.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:50.